

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/590 frá 24. apríl 2020 um breytingu á ákvörðun (ESB) 2019/784 að því er varðar uppfærslu viðeigandi tæknilegra skilyrða sem gilda um tíðnisviðið 24,25-27,5 GHz ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/667 frá 6. maí 2020 um breytingu á ákvörðun 2012/688/ESB að því er varðar uppfærslu viðeigandi tæknilegra skilyrða sem gilda um tíðnisviðin 1920–1980 MHz og 2110–2170 MHz ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/636 frá 8. maí 2020 um breytingu á ákvörðun 2008/477/EB að því er varðar uppfærslu viðeigandi tæknilegra skilyrða sem gilda um tíðnisviðið 2500–2690 MHz ⁽³⁾.
- 4) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XI. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 5cze (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/477/EB):

„, breytt með:

- **32020 D 0636:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/636 frá 8. maí 2020 (Stjtið. ESB L 149, 12.5.2020, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 138, 30.4.2020, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 156, 19.5.2020, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 149, 12.5.2020, bls. 3.

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 5czi (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/688/ESB):

„, breytt með:

- **32020 D 0667**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/667 frá 6. maí 2020 (Stjtið. ESB L 156, 19.5.2020, bls. 6).“

3. Eftirfarandi er bætt við lið 5czp (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/784):

„, breytt með:

- **32020 D 0590**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/590 frá 24. apríl 2020 (Stjtið. ESB L 138, 30.4.2020, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðana (ESB) 2020/590, (ESB) 2020/636 og (ESB) 2020/667, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.